

**Leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir valnefndir og umsækjendur vegna ráðninga í prests- og sóknarpreststörf, sbr. starfsreglur um ráðningu í preststörf, nr. 4/2021.**

**1. gr.**

**Parfagreining**

Biskup Íslands ákveður hvenær laust starf sóknarprests eða prests í prestakalli er auglýst. Biskup undirbýr auglýsingu með því að kalla eftir að sóknarnefnd eða sóknarnefndir vinni ítarlega þarfagreiningu. Biskup sendir viðkomandi sóknarnefnd/sóknarnefndum og prófasti leiðbeiningar varðandi gerð þarfagreiningar og matsblað til að fylla út. Þar sem sóknir eru fleiri en ein geta fulltrúar hverrar sóknar tekið þátt í gerð þarfagreiningar.

Parfagreining skal innihalda þá þætti sem tilgreindir eru í 3. gr. starfsreglna um ráðningu.

Niðurstaða þarfagreiningar skal borin undir sóknarnefndir og eins vikna frestur gefinn til að gera athugasemdir áður en þarfagreining er send biskupi. Miða skal við að gerð þarfagreiningar taki að hámarki tvær vikur.

Prófastur sendir biskupi tilbúna þarfagreiningu. Um leið skal biskupi sendur listi yfir fulltrúa valnefndar. Listinn skal innihalda nöfn, kennitölur, símanúmer og netföng valnefndarfulltrúa. Þá er mælt til þess að einnig sé sendur listi yfir varafulltrúa í valnefndarinnar sé þeim til að dreifa.

**2. gr.**

**Auglýsing starfa og úrvinnsla umsókna**

Biskup Íslands auglýsir laust störf. Auglýsing um prestsembætti er birt á vef Þjóðkirkjunnar, kirkjan.is. Með auglýsingu fylgja þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 4. gr. starfsreglna um ráðningar í prestsstörf og skal prófskírteini vera staðfesting á mag. theol. prófi frá guðfræði- og trúarbragðeild Háskóla Íslands eða sambærilegum menntastofnunum. Umsóknarfrestur skal ekki vera skemmri en tvær vikur frá birtingu.

Að liðnum umsóknarfresti kannar biskup hvort umsækjendur uppfylli skilyrði þess að geta starfað sem prestur, hvort að starfsþjálfun sé lokið, að heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá sé fyrir hendi og að fullnægjandi lágmarksupplýsingar um þá séu að öðru leyti til staðar. Vakin er sérstök athygli á því að nöfn umsækjenda birtast á vef Þjóðkirkjunnar að liðnum umsóknarfresti, nema óskað sé nafnleyndar. Nafnleynd umsækjenda á ekki við ef til almennra prestskostninga kemur.

Biskup kallar eftir upplýsingum úr sakaskrá um viðkomandi hvað varðar þær tegundir brota sem greinir í 6. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf. Að því búnu veitir biskup fulltrúum valnefndar rafrænan aðgang að gildum umsóknum.

### 3. gr.

#### Undirbúningur valnefndar

Um samsetningu valnefndar fer samkvæmt 7. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf og viðmiðum biskups Íslands við samsetningu valnefndar.

Þegar auglýsing um laust prestsembætti hefur verið birt á vef Þjóðkirkjunnar sendir prófastur fulltrúum valnefndar tilkynningu þar sem upplýst er að starfið hafi verið auglýst og jafnframt skal sendur hlekkur á auglýsinguna á vef Þjóðkirkjunnar. Sömuleiðis skal sendur hlekkur á vefsíðu Þjóðkirkjunnar, þar sem aðgangur er að þeim lögum, starfsreglum og stefnum kirkjunnar sem við eiga. Beina skal tilmælum til valnefndarfulltrúa um að kynna sér vel þær heimildir sem þar eru birtar. Gerð skal grein fyrir trúnaðar- og þagnarskyldu fulltrúa valnefndar og að hún verði staðfest með undirritun trúnaðareidda, eigi síðar en við upphaf fundar valnefndar.

### 4. gr.

#### Aðgangur að umsóknum og fylgigögnum

Eftir að umsóknarfrestur hefur runnið út sendir biskup valnefnd aðgang að umsóknum og fylgigögnum.

Hafi einhver valnefndarfulltrúa ekki aðgang að tölvubúnaði eða skortir þekkingu skal prófastur annast um að hlutaðeigandi eigi þess kost að fá aðgang að þeim heimildum og gögnum sem varða kjörið. Verði því ekki komið við, s.s. þegar samskipti valnefndar og fundir fara eingöngu fram í gengum fjarfundabúnað, skal prófastur kalla til varamann viðkomandi fulltrúa. Fulltrúi biskups í valnefnd getur hlutast til um kennslu og ráðgjöf þegar skortur á aðgangi stafar af kunnáttuleysi fulltrúa.

Sé varamanni fulltrúa ekki til að dreifa við forföll, getur valnefnd starfað með færri fulltrúum en til stóð í upphafi.

### 5. gr.

#### Boðun valnefndarfundar

Prófastur boðar valnefnd til fundar eigi síðar en einni viku eftir að umsóknarfrestur rennur út, leitast skal við að boða valnefndarfulltrúa með a.m.k. viku fyrirvara.

Í fundarboði, sem með skal fylgja dagskrá, skal eftirfarandi koma fram: a) Að gengið sé út frá því að valnefnd hafi átt þess kost, fyrir fundinn, að kynna sér á upplýsingasíðu Þjóðkirkjunnar á vefnum, starfsreglur um ráðningu í prestsstörf, leiðbeinandi reglur biskups fyrir valnefndir og umsækjendur og framangreinda þarfagreiningu, b) að gengið sé út frá því að valnefndarmenn hafi kynnt sér umsóknir ásamt fylgiskjölum, c) að upplýst verði hið fyrsta hvort einhver telji sig ekki geta tekið þátt í starfi valnefndarinnar eða hvort um vanhæfi skv. 3. gr. stjórnsýslulaga geti verið

að ræða og ef svo er verði varamaður kallaður inn þegar honum er til að dreifa, d) tillaga prófasts til valnefndar um ritara nefndarinnar, sem skal að jafnaði vera héraðsprestur.

#### **6. gr.**

#### **Upphaf valnefndarfundar**

Valnefnd skal funda eigi síðar en einni viku eftir að umsóknarfrestur rennur út nema fulltrúi biskups mæli fyrir um annað.

Prófastur stýrir valnefndarfundi og kveður á um fundarskóp eins og þurfa þykir. Valnefndarmenn og ritari skulu gæta trúnaðar- og þagnarskyldu um umsóknir, fylgigögn með þeim og um það sem fram fer á fundum valnefndar. Skal prófastur minna á þær skyldur og valnefndarmenn skulu við upphaf fundarins undirrita sérstakan trúnaðareid. Það er á ábyrgð prófasts að skila afritum af undirrituðum trúnaðareidum til biskupsstofu. Þá gengur prófastur eftir því að valnefndarmenn hafi kynnt sér auglýsingu ásamt þarfagreiningu, umsóknir ásamt fylgigögnum, niðurstöðu matsnefndar og önnur þau gögn sem aðgengileg eru á upplýsingasíðu fyrir valnefndir. Prófastur metur hverju sinni hvort og að hve miklu leyti fara þarf yfir lög og reglur, umsóknir og minnir á reglur um vanhæfi. Á fundinum er farið yfir umsóknir, fylgiskjöl og aðrar upplýsingar frá umsækjendum.

#### **7. gr.**

#### **Undirbúningur viðtala við umsækjendur**

Valnefnd skal: a) ákveða og bóka í fundargerð hvað viðtali og spurningum er ætlað að leiða í ljós eða upplýsa, svo og hvaða spurningar verða bornar upp við umsækjendur. Ef fleiri en ein umsókn er um starfið skal þess gætt að allir umsækjendur fái sömu spurningar. b) ákveða hvort einstökum valnefndarmönnum sé heimilað að spyrja afleiddra spurninga, c) ákveða hvort – og þá hvernig umsækjendum sé gert að sýna fram á hæfni til helgihalds, boðunar og sálgæslu auk leiðtoga- og samskiptahæfni, d) ákveða hvort þess verði óskað að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur. Spurningar valnefndar skulu byggja á þarfagreiningunni og skal þess gætt að allir umsækjendur fái jafnlangan tíma til viðtals og sömu spurningar.

#### **8. gr.**

#### **Viðtöl við umsækjendur og frammistöðuprófraunir**

Prófastur í umboði valnefndar boðar umsækjendur til viðtals, skal það gert innan þriggja vikna frá lokum umsóknarfrests. Heimilt er að taka viðtöl með fjarfundarbúnaði. Meginefni svara umsækjenda skal að jafnaði skráð. Prófastur felur fundarritara þá skráningu.

Prófastur stjórnar viðtali og ber upp hinar samræmdu spurningar. Valnefndarmönnum er heimilt að spyrja afleiddra spurninga ef nefndarmenn hafa samþykkt það fyrirfram.

Í viðræðum valnefndar við umsækjendur skal gæta þess að umsækjanda sé gefinn kostur á að koma því á framfæri við valnefnd sem hann telur nauðsynlegt eða óskar að öðru leyti eftir.

Hafi valnefnd ákveðið að leggja fyrir umsækjendur að sýna fram á hæfni til helgihalds, boðunar og sálgæslu, leiðtoga- og samskiptahæfni og/eða óska þess að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur skal það að jafnaði gert í beinu framhaldi að loknum spurningum valnefndar.

Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda í viðtölum, s.s. varðandi spurningar, viðtalstíma o.fl. Annað kynningarstarf umsækjenda fyrir valnefnd eða einstökum valnefndarfulltrúum en að framan greinir er því óheimilt.

### **9. gr.**

#### **Samtal valnefndarfulltrúa**

Valnefnd prestakalls ræðir umsóknir, fylgigögn og frammistöðu umsækjenda í viðtölum og eftir atvikum á öðrum vettvangi og leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Val skal byggt á grundvelli þarfagreiningar og rökstutt á grundvelli hennar. Fundir valnefndar eru lokaðir.

Prófasti er heimilt að láta valnefndarfulltrúa gera grein fyrir afstöðu sinni með handauppréttingu ef vafi leikur á að valnefnd sé einhuga um val sitt á umsækjanda. Niðurstaða valnefndar telst bindandi ef tveir þriðju nefndarfulltrúa ná samstöðu um hana

### **10. gr.**

#### **Niðurstaða valnefndar**

Prófastur tilkynnir biskupi um niðurstöðu valnefndarinnar og sendir fundargerðir og önnur gögn til Biskupsstofu. Þau eru fundargerðir, rökstuðningur og trúnaðaryfirlýsingar, eftir atvikum önnur tilfallandi gögn. Senda skal gögn rafrænt á fulltrúa Biskupsstofu í valnefnd á netfang viðkomandi.

Ef við á skal prófastur safna saman útprentuðum gögnum valnefndarfulltrúa þ.e. umsóknum og fylgiskjölum með þeim og tryggja að þeim gögnum sé eytt.

Prófastur upplýsir valnefndarmenn um það að þagnarskylda valnefndar sé áfram í gildi, biskup taki nú við umsjón umsóknarferlisins og að einungis biskup sé bær til þess að tilkynna umsækjendum hver kosinn var og hljóti ráðningu.

Telji biskup að verulegur formgalli sé á málsmeðferð valnefndar, getur hann ákveðið að ráða ekki í starfið og auglýsa það að nýju.

### **11. gr.**

#### **Fundargerðir valnefnda**

Rita skal fundargerðir um það sem fram fer á fundum valnefnda. Fundargerð skal bera eftirtalin atriði með sér að lágmarki: a) hvar og hvenær fundurinn var haldinn,

b) hverjir mættu á fundinn, c) að fundurinn hafi verið lokaður, d) hver stýrði fundinum, e) hvaða gögn voru aðgengileg fundarmönnum, f) þær ákvarðanir sem valnefnd tók, g) að farið hafi verið yfir gögn um hvern umsækjanda og þau rædd, h) að nefndin hafi rætt við alla umsækjendur sem hæfir voru í starfið, i) spurningar valnefndar til umsækjenda og meginefni svara þeirra við þeim, j) annað það sem eðlilegt eða nauðsynlegt þykir að bóka að mati valnefndar, k) óski einhver valnefndarfulltrúa þess skal hann eiga rétt á að fá ritað í fundargerð athugasemdir sínar eða afstöðu.

Fundargerð skal að fundi loknum lesin í heyranda hljóði og staðfest af öllum valnefndarmönnum. Skal þess getið í fundargerðinni sjálfri. Ekki er gerð krafa um að valnefndarfulltrúar undirriti fundargerð.

**12. gr.  
Kostnaður**

Kostnað af valnefnd bera viðkomandi sóknir hver vegna síns eða sinna fulltrúa. Ekki er greidd sérstök þóknun til valnefndarfulltrúa vegna valnefndarstarfa. Þjóðkirkjan - Biskupsstofa greiðir aksturskostnað vegna prófests og ferðakostnað fulltrúa Biskupsstofu þegar við á.

**13. gr.  
Gildistaka**

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 8. mgr. 8. gr. starfsreglna um ráðningu í prestsstörf, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla brott leiðbeinandi reglur biskups Íslands fyrir kjörnefndir prestakalla um málsmeðferð við val á presti nr. 3/2017.

Reykjavík, 2. febrúar 2022

Agnes M. Sigurðardóttir